
Til umsagnaraðila vegna umsagna um tilkynningarskyldar framkvæmdir

Skipulagsstofnun leitar umsagna umsagnaraðila vegna tilkynninga til ákvörðunar um matsskyldu á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umsagnaraðilar sem leitað er álits hjá eru að jafnaði leyfisveitendur og stofnanir sem ýmist hafa lögbundnu hlutverki að gegna á sviði sem varðar fyrirhugaða framkvæmd eða búa yfir sérfræðiþekkingu á sviði sem varðar fyrirhugaða framkvæmd. Misjafnt er hvaða aðrir aðilar eru umsagnaraðilar og fer það eftir eðli og staðsetningu framkvæmdar hverju sinni.

Í umsögn um tilkynningarskyldar framkvæmdir skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Gert er ráð fyrir að ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar liggja fyrir innan sjö vikna frá upphafi kynningartíma. Þegar ákvörðunin liggur fyrir verður hún birt í Skipulagsgátt ásamt öllum innsendum umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim.

Tilgangur og lýsing framkvæmda.


Tilgangur framkvæmda er að svara stóruakinni eftirspurn á eggjum.

Þörf á aukinni framleiðsluaukningu á eggjum hefur verið augljós undanfarin ár. Til að koma til móts við það var ráðist í að reisa ný varphús á Reit C í Saltvík á Kjalarnesi.

Þar hafa nú verið reistar tvær byggingar undir eggjarækt Stjörnuegg hf. Byggingarnar eru á skilgreindu landbúnaðarsvæði og staðsettar í meir en 90 metra fjarlægð frá öðrum byggingum. Hefðbundin fóðursíló standa sitthvorum megin við hvora bygginguna.

1. Eggjahús/Varphús (Mhl.30) var reist og tekið í gagnið árið 2023. Stærð 1684,7 fm. Þar af er 96.3 fm eggjaflokkunarrými og aðstaða fyrir salerni og rafstöð. Húsinu er skipt í tvær deildir sem hvor um sig hefur 11.713 varpstæði.
2. Eggjahús/ Varphús (Mhl.31) reist árið 2024, tilbúið undir varpfugla í lok janúar 2025. Stærð 1704,6 fm. Húsinu er skipt í tvær deildir sem hvor um sig hefur 13.014 varpstæði.

Aðgengilegt rými beggja húsanna verður þá allt að 49.454 stæði samanlagt fyrir varpfugla á mismunandi vaxtarstigum.



Mynd hér að ofan sýnir uppdrátt af legu umræddra varphúsa á Reit C Saltvík:

Búnaður.

Húsin eru innréttuð Aviary varpbúnaði sem framleiddur er af Hellmann Poultry í Þýskalandi fyrir lausagönguhænur. Innréttingar eru í samræmi við reglugerðir um velferð hænsnfugla hvað varðar þéttleika, atferli og kröfur þar að lútandi. Loftræsti-, ljósa- og fóðurkerfi eru tölvustýrð og í samræmi við bestu aðgengilegu tækni (BAT). Loftræsti- og hitakerfikerfi, sem og búnaður til mælingar á raka- og hitastigi er framleitt af danska fyrirtækinu SKOV, sem sérhæfir sig í slíku fyrir landbúnað. Frá því sama fyrirtæki er í húsunum brunaviðvörðunarkerfi, sem viðurkennt er m.a. í dönskum landbúnaði. Fóður- og ljósakerfi eru hluti af Aviary kerfinu.

Daglegt eftirlit er með virkni alls búnaðar í formi skráninga og sjónræns eftirlits. Ný varaafstöð er í sérrými á búinu og mun sjá varaafli fyrir báðar byggingarnar.



Mynd hér að ofan tekin í húsi Stjörnuegg hf. á Vallá á Kjalarnesi sýnir sambærilegar innréttingar og varpbúnað þ.e.„Aviary system“ og þeim sem komið hefur verið upp í varphúsunum í Saltvík.

Staðhættir.

Jörðin Saltvík á Kjalarnesi er u.þ.b. 150 hektarar, skilgreint landbúnaðarland. Jörðin er lágland og mýrar hafa verið ræstar fram fyrir löngu þannig að hluti jarðarinnar er orðinn að grösugum túnum. Að öðru leyti er jörðin smápýfð órækt og nokkuð um sinuvaxin svæði. Vestur af Saltvíkinni gengur fram nesið Brimnes. Þar eru hamrar fram í sjó á alla vegu. Á jörðinni hefur fyrirtækið rekið skylda starfsemi síðan 1998 t.a.m. uppeldishús varpfugla og stofnfuglahús (hvorutveggja á Reit A). Þau hús standa í yfir 900 m fjarlægð frá nýjum varphúsum. Engar byggingar sem ekki tengjast búrekstri fyrirtækisins með beinum hætti eru innan 100 metra radíus þessara nýju varphúsa sem um ræðir.

Önnur mannvirki á jörðinni eru svínasláturhús, sem stendur í yfir 650 m fjarlægð frá framkvæmd eða á Reit B og gyltubú í yfir 750 m fjarlægð (Reitur E) hvorutveggja í eigu Stjórnugrís hf. Starfsmannabústaðir standa í yfir 120 m fjarlægð austur af Reit C, ásamt byggingum undir vélageymslu og verkstæði. Sjá staðsetningar á upptöldum Reitum A, B, C og E á bls. 7 í greinagerð þessari: „Deiliskipulagsbreyting Saltvík á Kjalarnesi“. Í þeim gögnum sést einnig að þessar byggingar falla að gildandi deiliskipulagi.

Engin vatnsverndarsvæði eru á jörðinni.

Paulganga Fornminjastofnunar um svæðið árið 2023, gaf ekki til kynna að sést hafi til fornleifa á framkvæmdarreit.

Það er vel þekkt að mun hvassviðrasamara er á Kjalarnesi heldur en annars staðar í byggðum höfuðborgarsvæðisins og hagstæðar vindáttir á svæðinu draga úr áhrifum mögulegrar lyktar og rykmengunar, en ríkjandi vindáttir á svæðinu eru austanátt og norðaustanátt.

Starfsemin og áhrif á umhverfi.

Varphúsin standa í hæfilegri fjarlægð frá viðkvæmum viðtökum. Tekið er mið af góðum búskaparháttum við dagleg störf og allt verklag. Daglegt innra eftirlit er skráð og ytra umhverfi er haldið snyrtilegu. Loftflæði og loftskipti í húsunum eru tölvustýrð svo hiti og raki haldist í viðeigandi gildum. Tölvustýrð stilling er einnig á fóðurkerfi og ljósakerfi. Óhjákvæmilegt er að einhverri lykt stafi af lifandi skepnum og lífrænum úrgangi þeirra. Til að draga úr mögulegri lyktarmengun er allur búnaður í takt við bestu fáanlegu tækni (BAT). Einnig gerir upphitun húsa það að verkum að skíturinn er þurrari en það eitt dregur töluvert úr lykt ásamt þeirri staðreynd að hann er fjarlægður reglulega úr húsunum og af svæðinu. Heildaráhrif af völdum lyktar- og rykmengunar verða því að teljast óveruleg.

Miðað er við að mismunandi vaxtarstig varpfugla verði í hverri deild á hverjum tilteknum tíma. Efni og orka sem nýtt eru til rekstursins eru vatn (heitt og kalt), rafmagn og fóður. Við lok hvers varptímabils eru húsin þrifu, sótthreinsuð og hvíld. Notast er við ryklausan hefilspón sem undirburð og kögglað þurrfóður. Síló eru útbúin rykskiljum. Allt frárennsli, sem að mestu leyti er skolvatn vegna þrifa, fer í gegnum rotþró og hænsaskít er keyrt jafnóðurm af svæðinu í þéttum gámum. Starfsemin hefur ekki áhrif á vatnsverndarsvæði, en ekki er að finna slík svæði á jörðinni.

Smithætta.

Eins og fram hefur komið eru varphúsin búin innréttingum og tilheyrandi búnaði til eggjaframleiðslu af fullkomnustu gerð sem fyrirfinnst í dag. Ströngu gæðakerfi er fylgt til að tryggja heilbrigði bústofns og afurða. Viðbrögð við alvarlegu smiti sem kallað gæti á förgun hræja er tekin í samvinnu við MAST og ferli virkjað sem tekur mið af „Viðbragðsáætlun vegna alvarlegra dýrasjúkdóma“, sem gefið hefur verið út af Matvælastofnun.

Magn og meðferð úrgangs.

Væru öll varpstæði fullnýtt og allir varpfuglar á sama vaxtarstigi mætti gera ráð fyrir að hámarksmagn af hæsnaskít frá búinu yrði um 556 tonn á ári. Raunhæfara er að miða við 445 tonn falli til á ári, þar sem taka þarf tillit til mismunandi vaxtarstigs fugla á hverjum tíma og og hús í hvíld eftir varphópa. Eigi sjaldnar en tvisvar í viku er hæsnaskítur fjarlægður úr húsunum með færibandakerfi og honum keyrt burt jafnóðum í þéttum gámum til móttakenda sem nýta hann til uppgræðslu lands og ræktunar. Þar af leiðandi safnast ekki fyrir skítur á svæðinu, hvorki á varptímabili né heldur því tímabili sem ekki er ætlast til að lífræum áburði sé dreift á jörð.

Töluverð eftirspurn hefur verið eftir hæsnaskít frá bændum nær og fjær búinu. Áburði er m.a. keyrt til til eftirfarandi móttakenda: Landgræðslunnar í Hítárdal, Geldingaár, Hvítárvalla, Stafholtsveggja, Stafholtsey, Efri -Fellsöxl og Ytri- Hólmsbúð svo eitthvað sé talið upp. Um er að ræða yfir samtals 200 hektara landsvæði til áburðadreifingar. Móttakendur kvitta undir samning byggðan á starfsreglum um góða búskaparhætti við meðferð á lífrænum búfjáráburði.

Dýrahæ eru fjarlægð samtímis og keyrð í þéttan hrægám og viðurkenndar móttökustöðvar. Frárennsli frá húsunum á varptíma er lítið sem ekkert, mestmegnis er um skolvatn að ræða þegar hús eru þrifuin. Það rennur í settanka þar sem fljótandi hlutinn fer í siturlagnakerfi sem er grafið í drenmöl. Rotþrær skulu tæmdar reglubundið eins og lög gera ráð fyrir. Ekki eru fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir þar sem ekkert fer þarna fram sem ógnað getur umhverfinu á þann hátt að slíkra aðgerða sé þörf.

Engar kvartanir hafa borist vegna ryk eða lyktarmengunar vegna núverandi starfsemi enda lítil sem engin og ekki gert ráð fyrir að breyting verði á því þegar seinna húsið verður tekið í notkun.



Mynd sýnir hnitsetta teikningu af jörðinni Saltvík.



Loftmynd af jörðinni Saltvík úr Borgarvefsjá. Dreginn er rauður hringur kringum byggingar sem um ræðir á Reit C.

Þessari greinagerð er ætlað að svara eftirfarandi:

Framkvæmdaraðili skal tilkynna framkvæmd sem fellur undir flokk B í 1. viðauka laga nr. 111/2021 til Skipulagsstofnunar, sbr. 19. gr. laganna. Í tilkynningunni skal framkvæmdaraðili leggja fram eftirfarandi upplýsingar um framkvæmdina og líkleg umhverfisáhrif að teknu tilliti til eðlis og umfangs framkvæmdarinnar og fyrirbyggjandi niðurstaðna um umhverfisáhrif hennar:

- a. Lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd í heild sinni, umfangi hennar og helstu framkvæmda- og rekstrarþáttum, þar með talið niðurrifi mannvirkja eftir því sem við á, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.
- b. hnitsettan uppdrátt sem sýnir staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar, mörk framkvæmdasvæðis og mannvirki sem fyrir eru á svæðinu,
- c. upplýsingar um hvernig fyrirhuguð framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlunum,
- d. lýsingu á staðháttum, landslagi, gróðurfari og landnotkun, hvort fyrirhugað framkvæmdasvæði er á eða nærri verndarsvæðum og lýsingu á þáttum í umhverfinu sem líklegt er að verði umtalsvert fyrir áhrifum af framkvæmdinni, sbr. 2. og 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021,
- e. lýsingu á þeim þáttum framkvæmdar og/eða rekstrar sem valda helst áhrifum á umhverfið, sbr. 1. og 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021,
- f. lýsingu á líklegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, miðað við fyrirbyggjandi vitneskju, sem stafa af losun eða úrgangi og nýtingu náttúruauðlinda, sérstaklega jarðvegs, lands, vatns og líffræðilegrar fjölbreytni, sbr. 2. viðauka laga nr. 111/2021,
- g. upplýsingar um fyrirbyggjandi umsagnir umsagnaraðila og annarra eftir eðli máls,
- h. upplýsingar um fyrirhugaðar mótvægisaðgerðir, eftir því sem við á.



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 47/2025 í skipulagsgátt, Varphús, Saltvík reitur C. á Kjalarnesi. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.

Vísað er til máls nr. 47/2025 í skipulagsgátt, Varphús, Saltvík reitur C. á Kjalarnesi. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

Fyrirhuguð starfsemi er ekki leyfisskyld hjá HER en er háð starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar sbr. I. viðauka lið 6.6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Að mati HER er vel gerð grein fyrir framkvæmdinni í meðfylgjandi greinargerð. Öll lágmarksskilyrði um fjarlægðir milli annarra bóa og íbúðarhúsa skv. reglugerð nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína. Varphúsin eru í tæplega 2 km fjarlægð frá næsta þéttbýli sem er Grundarhverfi. Nægt landrými virðist vera fyrir hendi til að dreifa húsdýraúrgangi.

HER telur ekki þörf á því að umrædd framkvæmd sæti mati á umhverfisáhrifum enda er notast við BAT (bestu aðgengilega tækni) við starfsemina og hún samræmist þeirri landnotkun sem heimiluð er á þessum stað í skipulagi.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri

